

HANDAN ÞOKUNNAR

Um efnisþætti og innra samhengi Ólafs sögu Þórhallasonar

Annað af tveimur meginverkum Eiríks Laxdals (1743–1816) er Saga Ólafs Þórhallasonar sem hann skrifaði á ofanverðri 18. öld.¹ Eiríkur skiptir sögu sinni niður í fjórar einingar sem hann kallar ýmist vökulestra eða kvöldvökulestra, auk þess sem hann skiptir efninu niður í þætti.² Sögulega séð má setja verk hans í samhengi við upplýsinguna og þær áherslubreytingar sem urðu á miðlun þekkingar á síðari hluta 17. aldar og fram um 1800. Það væri því ekki úr vegi að tengja hana, menningarsögulega séð, við hið fræga sagnasafn Hannesar Finnssonar biskups (1739–1796), *Qvöld-vøkurnar 1794*, enda ljóst að báðum þessum verkum var ætlað að stytta fólki stundirnar á kvöldvökunni og leysa af hólmi eldra lesefni. Hugmyndafræðilega séð tengjast bæði verkin í gegnum umræður sem áttu sér stað meðal upplýsingarmanna í Kaupmannahöfn þar sem þeir Hannes og Eiríkur stunduðu nám.³

Í hinu mikla og margslungna verki Eiríks segir af söguhetjunni Ólafi og flakki hans á milli mannheima, álfheima og annars konar (yfir)náttúrulegra heima í óbyggðum Íslands. Á ferðalagi sínu umgengst Ólafur fjölda

- 1 Eiginhandarrit Eiríks er skrifað á eins konar skjalapappír þar sem á er stimplað ártalið 1788. Einar Ól. Sveinsson telur að Eiríkur gæti hafa byrjað á verki sínu fyrir þann tíma og að varðveitt handrit sé þá hreinskrift (*Um íslenzkar þjóðsögur* (Reykjavík: Hid íslenska bokmentafélag, 1940), 107, sbr. Steingrímur J. Þorsteinsson, *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans* (Reykjavík: Helgafell, 1943), 186–187). Þau María Anna Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Antonsson telja hins vegar að sagan sé skrifuð eftir 1788, þ.e.a.s. eftir að stimplað var á pappírinn og þá líklega „á síðasta áratug aldarinnar eða síðar,“ sbr. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir, „Höfundurinn og sagan,“ *Saga Ólafs Þórhallasonar: Álfasagan mikla*, útg. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir (Reykjavík: Þjóðsaga, 1987), 404.
- 2 Um byggingu sögunnar, sjá Jón Karl Helgason, „Should she tell a story ...“: In Quest of Eiríkur Laxdal's Poetics,“ *Gripla* 34 (2023): 352–368.
- 3 Steingrímur J. Þorsteinsson, *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans*, 183; Lena Rohrbach, „Subversive Inscriptions: The Narrative Power of Paratext in Saga Ólafs Þórhallasonar,“ *Gripla* 35 (2024): 339.

fólks, bæði mennska menn og álfa, en samskipti hans við álfana eru þó misgæfuleg og eiga það til að draga dilk á eftir sér. Söguheimur Ólafs er í senn sérstæður og hefðbundinn og í raun er um að ræða ímyndaðan heim sem er þó að sama skapi kunnuglegur, því að allar helstu efniseiningarnar eiga sér hliðstæðu í innlendra sagnahefð, bæði þjóðsögum og bókmenntum fyrri alda. Innan hins breiða söguramma sem snýr að ferðalögum Ólafs kemur höfundur að mörgum sagnaeiningum þannig að til verða þættir innan þátta, þræðir innan þráða og jafnvel útúrdúrar innan útúrdúra. Allt er þetta efni svo ofið saman í flókið mynstur og (að mestu) röklega heild. Í heildar-samhengi sögunnar má því finna ótal áhugaverðar aukapersónur sem fara þó jafnframt – sumar hverjar – með burðarhlutverk tiltekinna efnisþátta.

Í þessari grein langar mig til að taka fyrir afmarkaðan efnisþátt úr sögu Ólafs, ekki þó samkvæmt þáttaskiptingu hans sjálfs, heldur kafla 11–19 undir öðrum kvöldvökulestri. Í skýringum sínum við söguna nefna útgefendur hennar, þau Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir, sambærilegan kafla (12–19) Sveinsþátt⁴ en e.t.v. mætti líka tala um afdalaþátt með víðari skírskotun í söguefnið. Í eftirfarandi umfjöllun verður leitast við að gera grein fyrir afdalaþættinum sem heild innan stærri heildar, og hvernig hann afmarkast af tilteknum sögnum sem teygja þó engu að síður anga sína út fyrir þáttinn og inn í heildina, og jafnvel út fyrir verkið sjálft. Spurt verður um eðli þess efnis sem liggur að baki þættinum, hversu einkennandi þátturinn er fyrir bókmenntasköpun Eiríks og hvaða hlutverki þátturinn gegnir við sköpun aðalsöguhetjunnar, Ólafs.⁵

4 Þátturinn er auðkenndur sem „Sveinsþáttur (Kjartanssynir og Guðrúnar)“, sjá: Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir, „Saga Ólafs Þórhallasonar, efnisyfirlit,“ *Saga Ólafs Þórhallasonar: Álfasagan mikla*, útg. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir (Reykjavík: Þjóðsaga, 1987), 432. Um þáttaskiptingu Eiríks, sjá Rohrbach, „Subversive Inscriptions: The Narrative Power of Paratext in Saga Ólafs Þórhallasonar,“ 343.

5 María Anna Þorsteinsdóttir rekur helstu frásagnarliði þeirra sagna sem hér um ræðir í *Tveggja heima sýn: Saga Ólafs Þórhallasonar og Þjóðsögurnar* (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1996), 168–171. Samanburður hennar við annað sagnaefni miðast einkum við þjóðsögur, sbr. kaflann „Þjóðsögur í Ólafssögu“ á bls. 143–233. Samanburður hennar við fornaldar- og riddarasögur lýtur að almennri byggingu heildarsögunnar, fléttuformi, kurteisi í samskiptum söguhetja og minnum á borð við kolbitsminnið, bls. 239–241. Sé um að ræða skörun við rannsókn Mariu Önnu er vísað til umræðu hennar neðanmáls.

Af ferð Ólafs inn í afdali

Eins og fyrr segir verður litið á kafla 11–19 sem merkingarbæra söguheild og í eftirfarandi ágrípi er vísað í *Sögu Ólafs Þórhallasonar: Álfasöguna miklu* (útg. 1987). Í þættinum segir af því þegar Ólafur lendir í þoku á ferðum sínum um hálendið, villist af leið og kemur inn í grösugan og alblómgaðan haga sem hefur á sér yfirbragð annars heims. Áheyrendur með góða söguþekkingu hafa áreiðanlega gert sér grein fyrir því sem í vændum var, því að þokan er kunnuglegt minni úr eldri sögum þar sem hún skilur á milli heima en að auki þurfti Ólafur að riða yfir „flár, fen og foræði“ til að komast í dalinn góða.⁶ Ólafur virðist þó ekki einungis hafa riðið yfir skil á milli heima, heldur einnig árstíða því að áður en hann villtist af leið var jörð einungis nýþiðnuð en í dalnum góða ríkir sumar:

Um síðir kemur hann í alblómgaðan, lystilegan grashaga með fágætum, ilmandi jurtum undir einni brekku. Í þessu engi var lítill bekkur með kristalstæru vatni. Ólafur varð glaður við þessa sjón því að hann var mæddur orðinn og hestar hans, drekkur hann af læknum og þóttist fá sína bestu endurnæring. [...] Að morgni komanda stendur hann upp og er þá komið albjart veður.⁷

Dalurinn minnir á paradísarlýsingar þar sem ilmandi blóm vaxa árið um kring. Í Eiríks sögu víðförla, ferðasögu sem er varðveitt í handriti frá 14. öld, þurfa menn að komast yfir á mikla áður en þeir koma til þess staðar sem nefndur er Ódáinsakur (sbr. einnig jörð lifandi manna) og virðist vera eins konar forgarður paradísar. Staður þessi er því jarðneskur en virðist þó að sama skapi liggja á milli tveggja heima, jarðarinnar og paradísar, á meðan paradísinn sjálf er ekki aðgengileg öðrum en dauðum mönnum. Í sögunni segir: „[...] ódru megin arinnar sá þeir land fagrt með miklum bloma ok

6 Eiríkur Laxdal, *Saga Ólafs Þórhallasonar: Álfasagan mikla*, útg. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir (Reykjavík: Þjóðsaga, 1987), 116. Galdrapoka fellur undir D902.1 í alþjóðlegum minnaskrá. Einar Ól. Sveinsson telur að þokan, eins og hún birtist í útilegumannasögum, beri svip af töfraþoku í keltenskum sögum (sbr. e. *druidic mist*). Hann tengir minnið kelteskri sagnahefð, rétt eins og minnið um bardagann eilífa (e. *recurrent fight*) sem fjallað verður um hér á eftir. Sjá, Einar Ól. Sveinsson, „Celtic elements in Icelandic tradition,“ *Béaloideas* 25 (1957): 21.

7 Eiríkur Laxdal, *Saga Ólafs Þórhallasonar*, 116.

gnott hunangs ok kendu þadan sætan ilm. þangat var biart at lita [...]“.⁸ Áður en Eiríkur víðförli kemst til staðarins góða veður hann reyk og „[...] þa sa þeir fagrt land grausin huit sem purpuri við sætum ilm ok myklum bloma ok flutv hunangs lækir um alla uegu landzins. Þetta land uar langt ok slett. Sol skin var þar sua at alldri var þar myrkt ok alldri bar skugga a [...]“.⁹ Í landi þessu vitraðist Eiríki ungur drengur sem reyndist svo vera verndarengill hans og segir hann honum deili á staðnum og fyrirkomulagi heimsins.

Þar sem Ólafur er staddur í dalnum góða hittir hann fyrir tólf ára dreng; ekki þó engil, heldur grátbólginn og aðframkominn ungling sem bíður þess að vera bjargað. Drengurinn, sem heitir Sveinn, segir honum sögu sína og þá fyrst frá foreldrum sínum, og reynist það vera sjálfstæð sögn sem gerðist mörgum árum áður. Foreldrar hans höfðu verið systkini sem voru á sínum tíma dæmd til dauða fyrir sífjaspell. Með undraverðum hætti tókst þeim að flýja stuttu fyrir aftöku sína og settust þau þá að í dalverpi sem þau fundu handan hættulegrar ár. Í útlegðinni eignuðust þau þrjá syni, þá Nikulás, Vigfús og Svein. Á dánarbeði sínum lagði faðir þeirra bræðra mikið kapp á að eftir dauða foreldranna beggia skyldu eldri bræðurnir tveir vera góðir við Svein litla og að saman skyldu þeir leita hjálpar hjá Hólabiskupi. Eftir dauða foreldranna urðu eldri bræðurnir tveir, sem höfðu alla tíð verið vondir við Svein, þó enn verri en áður. Bræðurnir urðu einmana og svangir og varla færir um að draga fram lífið. Dag nokkurn tekur elsti bróðirinn, Nikulás, þó boga föður síns og örvar og heldur til veiða. Sér hann þá hvar tólf menn standa hjá stórum steini. Þegar þeir verða hans varir og koma auga á bogann reyna þeir að ná Nikulási og segjast eiga bogann en hafa týnt honum fyrir löngu. Nikulás hendir frá sér boganum og flýr af hólmi og daginn eftir er komið að Vigfúsi að afla fanga. Sér hann hina sömu tólf menn og eru þeir þá bláir og blóðugir eftir slagsmál. Vigfús forðar sér, líkt og bróðir hans áður. Næst er það Sveinn sem leggur af stað, ekki þó til að afla matar fyrir þá bræður heldur vegna þess að bræður hans ráku hann burt með harðri hendi. Þegar Sveinn kemur að steininum voru bræðurnir tólf enn að berjast. Einn þeirra segir Sveini þá sögu þeirra í stuttu máli, en þeir höfðu orðið fyrir álögum sem kváðu á um að þeir skyldu aldrei getað dáið nema þeir væru skotnir með boganum

8 *Eiríks saga víðfjörla*, útg. Helle Jensen (København: Reitzel, 1983), 62.

9 *Eiríks saga víðfjörla*, 74.

góða. Boginn hafði þó horfið og eftir það höfðu bræðurnir lagst út; þeir væru hins vegar orðnir gamlir og þreyttir á að lifa í útlegð. Maðurinn biður Svein um að skjóta þá með boganum og segir að þegar hann hafi lokið við að dysja þá megi hann eiga allar eigur þeirra. Þegar Sveinn hafði lokið við að dysja bræðurna hafðist hann við undir steininum og þegar Ólafur fann hann þar grátbólginna hafði hann verið þar matarlaus í átta daga.

Ólafur og Sveinn finna nú steinhús nokkuð sem útilegumennirnir höfðu búið í, ríkulegar vistir og gripi góða. Ólafur gefur Sveini að borða og lætur hann hvíla sig í rúmi þar í húsinu. Honum finnst Sveinn að sumu leyti einfaldur og lítið þekkja til umheimsins. Eftir stutta dvöl í húsinu sækja þeir Ólafur og Sveinn bræður Sveins sem hýrðust enn í kotinu og fara með þá í húsið. Þaðan fara þeir svo með öll verðmæti, sem og hestastóð útilegumannanna, til byggða og hitta þar fyrir Hólabiskup. Biskup tekur bræðurna að sér, enda minnst hann þess að hafa lofað föður þeirra því þegar sá hinn síðarnefndi bjargaði honum frá villum á hálendinu. Biskupi finnst, eins og Ólafi, bræðurnir vera heimskir um veraldleg málefni en þó furðulega vel að sér í guðsorðinu enda veitir hann þeim afdráttarlaust skírn. Ólafur segir biskupi að útilegumennirnir hafi arfleitt Svein að eigum þeirra og fer svo leiðar sinnar. Sveinn er settur til náms í Hólaskóla og gerist eftir það góður klerkur.¹⁰

Efniviður afdalapáttarins

Afdalapátturinn felur í sér ýmis einkenni eldri sagna, ekki síst þjóðsagna. Paradísarlýsingin á sér til að mynda ýmsar hliðstæður, ekki einungis úr trúarlegum ferðabókmenntum á borð við Eiríks sögu víðförla og heilagrameannasögum á borð við Mattheus sögu postula heldur einnig yngri bókmenntum sem gætu þá jafnvel hafa brúað bilið yfir í sögu Eiríks.¹¹ Engin

10 Efni páttarins er rakið í J. Spoelstra, *De vogelvrijen in de ijslandse letterkunde* (Haarlem: H. D. Tjeenk Willink & zoon n.v., 1938), 136–137.

11 Álíka lýsingu er að finna í *Mattheus sögu postula*, 19–23. Sjá einnig Sverrir Tómasson, „Ferðir þessa heims og annars: Paradís – Ódáinsakur – Vinland í íslenskum ferðalýsingum miðalda,“ *Gripla* 12 (2001): 23–40. Lýsingar af landinu góða eru oftast en ekki staðlaðar og falla undir minni á borð við E481.2 (*Land of dead across water*) og E481.4 (*Beautiful land of dead*), sbr. Inger M. Boberg, *Motif-Index of Early Icelandic Literature* (Hafnir: Munksgaard, 1966), 99. Áþekka lýsingu er einnig að finna í samantekt Jóns Eggertssonar (1643–1689) sem hann eignar Jóni lærða Guðmundssyni (1574–1658) og kallast „Ein litil frásögn Jón[s] Gvendssonar málara um huldupláts og heimuglega dali á Íslandi“. Í þættinum

Þessara sagna hefur þó jafn afgerandi líkindi við Sögu Ólafs Þórhallasonar og Eiríks saga víðförla og hvergi annars staðar kemst söguhetjan í kynni við ungan dreng á ferðum sínum um dalinn, annars vegar Svein og hins vegar engil.

Önnur áberandi einkenni má rekja til fornaldarsagna. Þannig ber frá-sögnin af Sveini og bræðrum hans keim af dalafíflapætti Gautreks sögu, fornaldarsögu frá 14. öld, en þar er umgjörðin svipuð þar sem Gauti konungur villist, kemur að afskekktum bæ í dalverpi þar sem heimilis-fólk býr við skort og er að auki fávíst um veraldleg málefni. Til að draga úr samkeppni sín á milli um mat kemur heimilisfólkið sér saman um að þeir sem séu gamlir og til óþurftar skuli fórna sér og ganga fyrir stapa.¹² Í þættinum um Svein og bræður hans eru það eldri bræðurnir tveir sem hrekja þann yngsta á brott því að þeir töldu hann til þyngsla – og létta þeir þannig á búrekstrinum. Bræðurnir bera þar að auki einkenni Bakkabraðra eða Bakkaflóna, þ.e.a.s. þriggja heimskra bræðra sem haga sér á skjön við siðmenntað samfélag og þegar þeir komast í návígi við siðmenntað fólk afhjúpa þeir fávísku sína. Að öðru leyti líkist frásögn þeirra hefðbundinni framvindu ævintýra þar sem þrír bræður leggja af stað í nokkurs konar hættuför, sá elsti fyrst og sá yngsti síðast, en einungis þeim yngsta tekst að leysa úr þeim þroskaþrautum sem bíða þeirra og verður í framhaldinu gæfumaður.

Innan og utan ramma ævintýrisins og þó einkum þroskasögu Sveins er skotið inn tveimur útilegumannasögum af foreldrum Sveins og bræðrunum tólf. Báðar bera þær sterk einkenni dæmigerðra útilegumannasagna sem endurspegla að mörgu leyti hræðslu fólks við hið óþekkt.¹³ Á 18. öld var

segir frá manni sem villtist í þöku og kemur inn í grösugan dal með „fögrum hliðum og lystugum grösum“ (Bjarni Einarsson, *Munnmælasögur 17. aldar* (Reykjavík: Leiftur, 1955), 26). Í dalnum er bær með smiðjuhúsi þar sem í voru margs konar smíðatól. Í frásögninni er getið um fleiri góða dali en enginn þeirra líkist þeim dal sem Eiríkur segir frá. Sjá Bjarni Einarsson, *Munnmælasögur 17. aldar*, 26–36.

12 C. C. Rafn, útg., *Fornaldar sögur Norðrlanda I–II* (Kaupmannahöfn, 1829–1830), III 5–8. Um æternisstapa, sjá Birgitta Odén, „Ättestupan – myt eller verklighet,“ *Scandia* 62 (1996): 221–234.

13 María Anna Þorsteinsdóttir telur að líkindi séu einkum við tvær prentaðar sögur í safni Jóns Árnasonar, *Visitazíuferð Skálholtsbiskups* (Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1954–1961), II 246–247) og *Söguna af Hóla-Þorsteini* (Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, II 260–262). Sjá María Anna Þorsteinsdóttir, *Tveggja heima sýn*, 165. Þá kemur minnið um sífjaspell systkina einnig fyrir í þjóðsögunum, jafnvel þar sem systkinin leggjast á fjöll

hálandið enn þá að mestu leyti okannað og fólk sagði þá sögur af hættunni sem fylgdi því að fara inn á óbyggð svæði, t.d. um útлага sem settust að á hálandinu og stálu sér sauðfé til matar. Í flestum sögnum eru útilegumenn sagðir hættulegir, en til eru sagnir þar sem þeir koma fyrir sem vel stæðir bændur sem búa í fjarlægum, grösugum dölum og bjóða ferðalöngum fæði og jafnvel gistingu. Í slíkum sögnum nálgast útilegumennirnir það að vera yfirnáttúrulegir enda líkjast frásagnirnar að sumu leyti sögum um huldufólk. Samkvæmt þjóðsögnum getur fólk átt von á því að hitta útilegumenn, huldufólk og tröll við það eitt að yfirgefa siðmenninguna og halda á vit hins óþekkta á hálandinu. Með þessu móti er útilegumannasagan síðari þar sem þeir Ólafur og Sveinn koma í grösugan dal í óbyggðunum og finna þar reisulegt bú og þriflegan búpening.

Útilegumennirnir sjálfir, bræðurnir tólf, eru í senn ógnvaldar, þar sem þeir hræða lífið úr þeim Nikulási og Vigfúsi, og ógæfumenn sem þrá ekkert heitar en sína hinstu hvílu. Þótt bræðurnir, sem eiga smiðju, verkfæri og tól af öllu tagi og sofa saman í skála, hver í sínu rúmi, séu ekki dæmigerðir útilegumenn að öllu leyti er augljóst að Eiríkur hefur mótað þá inn í hefðbundna umgjörð þjóðsögu.¹⁴ Að sumu leyti minna þeir þó sérstaklega á efnisþátt innan lengri gerðar Huldar sögu sem er talin skrifuð á sömu öld. Í sögunni er getið um tólf útilegumenn sem dvelja saman í skála þar sem þeir geyma auðæfi sín og gnægt matar. Allir eru þeir sérlega bardagafærir enda gengur líf þeirra út á að ræna og drepa. Af þessum tólf útilegumönnum eru sjö bræður og ber þeim ekki að öllu leyti saman við útilegumennina tólf í Sögu Ólaf Þórhallasonar, sem eru allir bræður.¹⁵

Rætur bræðranna tólf ná greinilega út fyrir ramma Huldar sögu og annarra þekktra útilegumannasagna því að þeir segjast hafa orðið fyrir álögum gamallar konu, ömmu sinnar, sem bannaði þeim að deyja nema þeir myndu falla fyrir boganum góða. Sé þátturinn lesinn án tengingar við söguna í víðara samhengi gæti tilvera bræðranna tólf vakið upp spurningar. Til að verða nokkurs vísari um sögu þeirra þurfum við þó einungis að færa

(Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og afintýri*, IV 446–450) en líkindi við sögu Eiríks eru þó óveruleg.

14 Eins og María Anna Þorsteinsdóttir hefur bent á notar Eiríkur þjóðsagnaefni á meðvitaðan hátt og á eigin forsendum: „Skyldleikinn [við þjóðsögur] er á yfirborðinu, í raun er munurinn mikill. Efnisþættir og helstu frásagnarliðir og minni eru hin sömu“ (María Anna Þorsteinsdóttir, *Tveggja heima sýn*, 261).

15 *Sagan af Huld drottningu hinni ríku* (Reykjavík: Prentsmiðja Þjóðviljans, 1909), 325–329.

okkur aftar í söguna, yfir í „Þáttinn af Kjartani og Guðrúnu bóndadóttur“ sem tilheyrir einnig öðrum kvöldvökulestri og fjallar um ástir Guðrúnar Gunnlaugsdóttur og Kjartans sem elskuðust og náðu saman eftir ýmsar raunir og eignuðust saman tólf syni (k. 28–38).¹⁶ Í þættinum segir frá því hvernig Vefja, móðir Kjartans, kemur til þeirra hjóna dag einn og ásakar Kjartan um að hafa vanrækt sig í fátækt á meðan hann sjálfur lifi góðu lífi. Eftir það leggur hún á syni þeirra tólf og segir: „[...] skulu þessir þínir tólf synir, sem hér standa, leggjast á fjöll og gjöra hin mestu spellvirki, svo vel meðal míns fólks sem yðar. Og það skal standa langan tíma því þeir skulu ekki deyja mega fyrr en þeir eru skotnir með þessum boga sem ég á held [...]“.¹⁷ Álögin kveða þannig ekki einungis á um dauða bræðranna, sem er þá háður vissum skilyrðum, heldur einnig hvernig þeir skuli haga lífi sínu þangað til og er þeim beinlínis ætlað að vinna öðru fólki mein enda gerast þeir hinir mestu illvirkjar sem bæði ræna og drepa.

Hugmyndin um að fyrirbjóða annarri manneskju dauða þar til ákveðin skilyrði hafa verið uppfyllt er áhugaverð og sver sig í ætt við hugmyndir um álög, einkum þau sem einkenna sérstaklega íslenskar sögur og keltneskar.¹⁸ Þau minna til að mynda á þau álög sem Freyja leggur á konungana Héðin og Högna og frá segir í Héðins sögu og Högna (sbr. Sörlapætti Flateyjarbókar) en þar kemur fram að þeir Héðinn og Högni skuli berjast og aldrei falla nema að kristinn maður komi og gangi í bardagann og muni hann þá ná að fella þá með vopnum. Eins og Ívar ljómi, sá kristni maður sem að lokum kom og felldi heiðingjana, þá Héðin og Högna, og aflétti þannig álögum gyðjunnar og hinum svokölluðu Hjaðningavígum, er það hinn guðhræddi piltur Sveinn sem tekst að rifta hinum römmu álögum Vefju og bjarga bræðrunum tólf frá eilífum átökum.

Sú frásögn Héðins sögu og Högna sem snýr að bardaganum eilífa er vanalega nefnd Hildarsögnin þar sem bitbein konunganna tveggja var

16 Í skýringum útgefenda eru kaflar 26–39 teknir saman undir fyrirsögninni „Af Kjartani og Guðrúnu“, sjá Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir, „Saga Ólafs Þórhallasonar, efnisyfirlit“, 434–435. Sbr. einnig „Selmatseljan og ljúflingurinn“, í María Anna Þorsteinsdóttir, *Tveggja heima sýn*, 167–171.

17 Eiríkur Laxdal, *Saga Ólafs Þórhallasonar*, 162. María Anna Þorsteinsdóttir hefur bent á skyldleika við þjóðsöguna Álfapilturinn og selmatseljan (*Tveggja heima sýn*, 167, sbr. Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og afintýri*, I 66–67).

18 Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Enchantment and Anger in Medieval Icelandic Literature and Later Folklore,“ *Fictional Practice. Magic, Narration, and the Power of Imagination*, ritstj. Bernd-Christian Otto og Dirk Johannsen (Leiden: Brill, 2021), 68–90.

Hildur, dóttir Högna, sem sjálf kom að Hjaðningavígunum með því að stofna til þeirra eða viðhalda þeim með því að vekja upp hina dauðu, eins og frá segir í annars mismunandi tilbrigðum sögunnar. Hildarsögnin naut mikilla vinsælda á Norðurlöndum um margra alda skeið og á Íslandi skýtur hún upp kollinum í heimildum frá elstu tíð og fram á 15. eða 16. öld.¹⁹ Minnið um bardagann eilífa kemur þó fyrir í fleiri sögum en Hildarsögninni einni saman og vegna fjölbreytileika minnisins hér á landi taldi Einar Ól. Sveinsson að íslensk sagnahefð hafi hér vafalaust orðið fyrir áhrifum keltneskra sagna.²⁰ Minnið er m.a. að finna í Ketils sögu hængs, Orms þætti Stórolfssonar, Sögunni af kóngabörnum og Tryggva karlssyni, Þorsteins þætti bæjarmagns, Þorsteins þætti uxafóts og fleiri óljósari dæmum.²¹ Í Þorsteins þætti uxafóts dreymir Þorstein að hann taki þátt í átökum þar sem við eigast tvö tólf manna lið og líkt og í Sögu Ólafs Þórhallasonar nær söguhetjan að fyrirkoma liði sem áður hafði verið ósigrandi. Þótt Þorsteinn sé ekki kristinn á þeim tíma sem hann rýfur bardagann eilífa, eins og Ívar ljómi, þá tekur hann kristna trú skömmu eftir drauminn rétt eins og Sveinn sem var skírður skömmu eftir átök

19 Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Saga motifs on Gotland picture stones: The case of Hildr Högnadóttir,“ *Gotland's Picture Stones: Bearers of an Enigmatic Legacy*, Gotländsk arkiv 84 (2012): 59–71.

20 Einar Ól. Sveinsson taldi að vegna fjölbreytileika sagnanna hafi keltneskar sögur komið inn í varðveisluna og að ekki megi rekja allt til Hildarsagnarinnar. Hann bendir á sambærilegt minni úr waleska sagnasafninu Mabinogion, sbr. „Celtic elements in Icelandic tradition,“ 17.

21 Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten* (Helsinki: Academia Scientiarum Fennica, 1929), xxxix–xl; Einar Ól. Sveinsson, „Celtic elements in Icelandic tradition,“ 17–18. Ketils saga hængs, Orms þáttur Stórolfssonar og Þorsteins saga bæjarmagns fela ekki í sér áberandi líkindi við frásögn Eiríks. Einu snertifletirnir eru í raun þeir að í Ketils sögu hængs þarf söguhetjan að nota sérstaka ör (örvar) til að fella andstæðinginn (Rafn, *Fornaldar sögur Norðurlanda*, II 121–122) og í Þorsteins sögu bæjarmagns þarf Þorsteinn að fara yfir hættulega á til að komast í návígi við risakonunginn Geirröð sem hann drepur (Þorsteins þáttur bæjarmagns í Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, útg., *Fornaldarsögur Norðurlanda* (Reykjavík: Bókautgáfan Forn, 1944), III 404–405). Skyld er einnig frásögnin af Skuldarbardaga í Hrólfs sögu kraka þar sem hermenn úr liði Skuldar eru felldir en rísa þó jafnharðan upp aftur. Ekki verður betur séð en að þeir falli að lokum, nema *fáeinir niðingar*, og virðist það ekki bundið skilyrðum (*Hrólfs saga kraka*, útg. D. Slay (Copenhagen: Ejnar Munksgaard, 1960), 124). Skylda frásögn og í Ketils sögu hængs er að finna í Örvar-Odds sögu þegar Örvar-Oddur fellir tröllkonu með hinum sömu örvum (*Örvar-Odds saga*, útg. R. C. Boer (Halle a. S.: Max Niemeyer, 1892), 23).

sín við útlagana tólf eftir komu sína til biskups.²² Í Sögunni af kóngabörnum, ævintýralegrri sögu frá því um 1700, er það kona sem er völd að bardaganum eilífa með því að breyta sér í kött og lífga hina föllnu hermenn við með lifgulli.²³ Innan sögunnar eru svo dæmi um tvöföld álög þar sem Tryggvi, ein af aðalsöguhetjum sögunnar, leggur á köttinn að hann skuli ekki geta skilið við lífið fyrr en hann kemst í kjöltu galdra-kóns og að sá skuli sitja fastur í stól sínum þangað til Tryggvi kemur og gengur frá honum.²⁴ Að lokum er getið um tólf hellisbúa í þjóðsögu úr safni Jóns Árnasonar, Ófælni drengurinn, sem fella óvini sína á hverjum degi. Morguninn eftir vakna þó allir óvinir þeirra aftur til lífsins, einungis sterkari en áður. Sú sem er völd að þessu er bláklædd álfkona sem fer um vígvöllinn að nóttu til og lífgar þá föllnu við með því að bera á þá smyrsl.²⁵ Allt eru þetta þó yfirborðskennd líkindi við söguna um bræðurna tólf í Sögu Ólafs Þórhallasonar og varla er hægt að tengja hana við einhverja ákveðna fyrirmynd. Þjóðsögur á borð við þær sem Jón Árnason safnaði eru þar að auki yngri en saga Eiríks en ljóst er að margar þeirra eru bæði hefðbundnar og gamlar, enda sýna þær þjóðsögur sem Árni Magnússon (1663–1730) viðaði að sér í kringum 1700 að sams konar grunnþemu voru enn í umferð á 19. öld.²⁶

Auk þess að fela í sér líkindi við bardagann eilífa, minnir sagan um bræðurna tólf á fórnarlömb áлага í miðaldabókmenntum þar sem álög geta nálgast hugmyndir um dáiðslu þegar álagavaldurinn nær völdum yfir vilja

22 Þorsteins þáttur uxafóts, sjá *Harðar saga*, útg. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2009), 352–354.

23 Margrét J. Gísladóttir, „Verði þér allt til sigurs og lukku“: Sagan af kóngabörnum í ljósi handrita og hefðar (Reykjavík: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið), 90. Sambærilegt minni kemur fyrir í Orms þætti Stórolfssonar þar sem móðir Brúsa, andstaðings Orms, er sögð vera svört ketta (Orms þáttur Stórolfssonar, sjá *Harðar saga*, 407). Margaret Schlauch benti á líkindi kattarins við kerlingu af keltneskum uppruna en aðferð hennar við að lífga við menn í bardaga er áþekk og í Sögunni af kóngabörnum, sbr. Margaret Schlauch, *Romance in Iceland* (London: George Allen and Unwin, 1934), 138–139; J. F. Campbell, *Popular Tales of the West Highlands II* (Edinburgh: Edmonston and Douglas, 1860), 446–448. Sjá einnig Einar Ól. Sveinsson, „Celtic elements in Icelandic tradition,“ 18; Bo Almqvist, „Gaelic/Norse folklore contacts: Some reflections on their scope and character,“ *Ireland and Europe in the early Middle Ages: learning and literature*, ritstj. Próinséas Ní Chatháin og Michael Richter (Stuttgart: Klett-Cotta, 1996), 171.

24 Um Sögu af kóngabörnum (Sigurðar sögu og Signýjar / Sögu af Tryggva karlssyni, Sigurði og Signýju), sjá Margrét J. Gísladóttir, „Verði þér allt til sigurs og lukku,“ sbr. einnig Schlauch, *Romance in Iceland*, 138–139.

25 Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*, I 259–265.

26 Sjá Bjarni Einarsson, *Munnmælasögur 17. aldar*.

fórnarlambsins. Í Ála flekks sögu, frumsaminni riddarasögu frá 14. öld, er Ála breytt í varg og kveða álögin á um að í því gervi skuli hann hvorki eira fé né mönnum og í raun eyða búpeningi ríkisins. Þolendur álaga eru þannig rændir eigin vilja og verða sem leikbrúður í höndum álagavaldanna sem þeir vinna svo illvirkin fyrir. Í flestum tilvikum er álagapolinn því einungis hluti af stærra áformi álagavaldsins sem virðist vera fær um að yfirfæra eigin reiði á álagapolann og vinna illvirki sín í gegnum hann. Flestir álagapolar eru þó leystir undan álögum fyrir en síðar og sjaldgæft er að sjá fónarlömb álaga svo yfirbuguð af eigin illvirkjum sem bræðurna tólf sem óska sér þess heitast að mega losna undan álögum og deyta.


Líkt og aðrar persónur þáttarins er álagavaldurinn Vefja áhugaverð. Þegar Guðrún, móðir bræðranna, var ung og óreynd stúlka hafði hún umsjón með seli föður síns. Þar birtist henni Vefja óvænt og tekur að sér að vefa fyrir hana. Hún tekur með sér ullina og kemur svo með tilbúinn vefnað á umsömdum tíma. Hún ber sterk einkenni spunavætta, eins og t.d. Gilitruttar, sem koma úr óbyggðunum inn í bæina þar sem þær aðstoða lítt kunnandi stúlkur eða ungar konur með vefnað eða spuna. Eins og spunavættir íslenskra þjóðsagna býr hún í helli neðanjarðar. Hún er greinilega af öðrum heimi, jafnvel álfkona, auk þess sem hún sver sig í ætt við Freyju eins og henni er lýst í Sörlapætti.²⁷

Nýmæli Eiríks


Eins og fyrr segir, þá er afdalapátturinn ekki nema einn af fjölmörgum þáttum Ólafs sögu Þórhallasonar en í þrengra samhengi er hann þó eining sem nær yfir tvær heildstæðar fléttur, þ.e. útilegumannaþættina tvo þar sem sá síðari vísar í baksögu sem á þó enn eftir að segja frá. Tengingu þessara söguþátta má skýra með eftirfarandi mynd þar sem hver efnis-

27 Vefja ber að sumu leyti einkenni hinna sterku kvenpersóna sögunnar, sbr. t.d. Lena Rohrbach, „Weibliche Stimmen – männliche Sicht: Rekalibrierungen von Gender und Genre in der Ólafs saga Þórhallasonar,“ *Þáttasýrpa. Studien zu Literatur, Kultur und Sprache in Nordeuropa. Festschrift for Stefanie Gropper*, ritstj. Anna Katharina Heiniger, Rebecca Merkelbach og Alexander Wilson (Tübingen: Francke, 2022), 262–263. Um kvenhetjur í Sögu Ólafs Þórhallasonar, sjá enn fremur María Anna Þorsteinsdóttir, *Tveggja heima sýn*, 123–132; Örn Ólafsson, „Upplýsing í gegnum þjóðsögur: Um Ólafs sögu Þórhallasonar eftir Eirík Laxdal,“ *Timarit Máls og menningar* 60/2 (1999), 99. Um spunavættir, sjá Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Übernatürliche Spinnerinnen in isländischen Volkserzählungen,“ *Florilegium nordmannicum: Ergänzungsbände zum Reallexikon der Germanischen Altertumskunde*, ritstj. Alessia Bauer (Berlin/Boston: De Gruyter, 2024), 3–25.

Þáttur er hluti af öðrum efnisþætti sem er sjálfur hluti af enn öðrum efnisþætti og að lokum efnisheildinni:



Þessi mynd, sem byggist á hinu innra samhengi sögunnar, er þó ekki ein-kennandi fyrir eðlilega framvindu efnisþáttanna. Þar sem flakkað er fram og aftur í tíma og rúmi og þar sem bræðurnir tólf eru eðlilega lagðir í álög áður en þeir leggjast út ætti rökrétt uppbygging þáttarins að líta svona út:



Með þessu móti varpa flétturnar tvær ljósi hvor á aðra og þótt afdalaþátturinn sé miðlægur í þessu samhengi verða flétturnar, hvor um sig, einungis merkingarbærar með tengingu í rétttri tímaröð. Útilegumannasagan síðari, um syni þeirra Kjartans og Guðrúnar, tengist þó ekki einungis sögunni af álögum Vefju þar sem hún á uppruna sinn því að síðar í sögunni, þegar réttað er yfir Ólafi, segir verjandi hans, Einar, að Ólafur hafi ýmislegt gott gert, til dæmis með því að drepa syni þeirra Kjartans og Guðrúnar. Eins og lesendur sögunnar muna þó væntanlega eftir var það Sveinn sem vann það þarfa verk þótt Ólafur hafi svo í framhaldinu aðstoðað Svein.²⁸ Í þessu tilviki dregur Eiríkur söguna um bræðurna tólf fram til að sýna fram á fáránleika réttarhaldanna, þar sem Ólafur er m.a. sýknaður á fólkskum forsendum.

Ýmsir fræðimenn hafa bent á að byggingaraðferð Eiríks, hið margfalda form, sé nýnæmi í íslenskum bókmenntum á síðari hluta 18. aldar og eitt af því sem markar honum sérstöðu í íslenskri bókmenntasögu, auk þess sem meðferð hans á efninu hefur þótt afar sérstæð.²⁹ Þótt efnismeðferð Eiríks sé vissulega einstök, eins og nánar verður rætt um hér á eftir, verður ekki betur séð en að formið sjálft eigi sér að einhverju leyti hliðstæður í öðrum samtímalegum bókmenntum. Fornaldarsögur og riddarasögur, sem einkenndust þegar á miðöldum af flókinni fléttu, þróuðust með ýmsum hætti og einkum yfir í sögur sem nefndar hafa verið fornaldarsögur síðari tíma og riddarasögur síðari tíma – eða einfaldlega kappasögur síðari tíma – enda einkennast þær yfirleitt af heilmikilli stilblöndun. Sumar þessara sagna þróuðust svo með þeim hætti að sífellt fleiri efnisþáttum var bætt inn í þær og í einhverjum tilvikum urðu til afar flóknar og samsettar sögur sem einkennast þá af sambærilega margföldu formi og saga Eiríks.³⁰ Til

28 Eiríkur Laxdal, *Saga Ólafs Þórhallasonar*, 168, 170.

29 Um nýmæli í skáldsögum Eiríks, sjá m.a. Jón Karl Helgason, „Should she tell a story ...“, 348–349; Rohrbach, „Subversive Inscriptions: The Narrative Power of Paratext in Saga Ólafs Þórhallasonar“, 336, 360. Sbr. einnig Sveinn Yngvi Egilsson, „Leiðin til nútímans“, *Íslenskar bókmenntir: Saga og samhengi* 2 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021), 451–452, 482, Margrét Eggertsdóttir, „From Reformation to Enlightenment“, *A History of Icelandic Literature*, ritstj. Daisy Neijmann (Lincoln: University of Nebraska Press), 226. Steingrímur J. Þorsteinsson taldi söguna vera á mörkum þess að geta talist skáldsaga en að vissulega mætti tengja hana upphafi íslenskrar skáldsagnagerðar, sbr. *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans*, 217, 556. Þorsteinn Antonsson hefur talað um söguna sem „móðernískt skáldverk“, sbr. „Úr sögu Ólafs Þórhallasonar“, *Lesbók Morgunblaðsins* 24/12, 1986: 38.

30 Sbr. t.d. umræðu um sögur sem Matthew Driscoll nefnir frumskáldsögur (e. *proto-novels*). Hann telur að slíkar sögur sverji sig í ætt við lygisögur en séu þeim þó frábrugðnar að sumu leyti. Matthew Driscoll, *The Unwashed Children of Eve: The Production, Dissemination and*

þessara sagna heyra til að mynda Huldar saga, lengri gerð, og Eiríks saga frækna sem báðar mætti kalla kappasögur síðari tíma.³¹ Á meðan Huldar saga er nokkuð örugglega samin á 18. öld, a.m.k. í þeirri mynd sem hún er varðveitt í í dag, er erfiðara að segja til um aldur Eiríks sögu frækna þar sem elstu varðveittu uppskriftir hennar eru frá 19. öld.³² Höfundar þessara beggja sagna skapa úr hinni hefðbundnu fornaldarsagnahefð þar sem nýjum þáttum og þráðum er bætt við svo að úr verður tiltölulega flókinn söguþráður. Sögurnar eru þó ekki með öllu sambærilegar og gaman væri að taka til samanburðar fleiri kappasögur síðari tíma en flestar þeirra liggja þó enn óútfærnar í handritum.

Þótt lengri gerð Huldar sögu og Saga Ólafs Þórhallasonar séu hvor um sig margþátta og jafnvel svo að lesendur eiga auðvelt með að tapa þræðinum er á þeim reginmunur hvað varðar efnistöð. Á meðan hinir fjölmörgu þættir Huldar sögu sverja sig í ætt við miðaldahefðina og segja frá allt að því stöðluðum átökum og orrustum söguhetja við víkinga og yfirnáttúrulega andstæðinga notar Eiríkur efnisþætti á borð við afdalabáttinn umrædda til að móta Ólaf sem söguhetju og þar af leiðandi þroskast söguhetjan innan samhengisins.³³ Þetta er merkilegt því að á heildina séð er Ólafur sýndur í neikvæðu ljósi og þá ekki síst í samskiptum hans við konur. Í afdalabáttinum á Ólafur hins vegar engin samskipti við konur en samskipti hans við bræðurna þrjá draga fram jákvæðar hliðar hans og hjálpssemi í garð annarra. Með þessu móti má segja að Eiríkur noti þáttaformið í þeim tilgangi að varpa nýju ljósi á aðalsöguhetjuna og dýpka hana. Þetta verður ekki séð að gert sé með sambærilegum hætti í Huldar sögu þar sem söguhetjur eldast og þroskast með hefðbundnari hætti í gegnum afrek sín.

Afdalabátturinn varpar þó ekki einungis ljósi á persónusköpun Eiríks heldur sýnir hann vel hvernig höfundurinn snýr upp á hefðina, ekki

Reception of Popular Literature in Post-Reformation Iceland (Middlesex: Hisarlik Press, 1997), 329.

31 Lengri gerðin er prentuð í *Sagan af Huld drottningu hinmi ríku*. Um Eiríks sögu frækna, sjá Elfa Jónsdóttir, „Of gott er þér að fara fyrir sverði mínu“: Eiríks saga frækna í bókmenntasögulegu samhengi (Reykjavík: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, 2024).

32 Huldar saga er varðveitt í þremur gerðum í handritum frá 18. og 19. öld. Ljóst er að efnið hefur notið vinsælda á síðari hluta 18. aldar, þegar Jón Espólin (1769–1836), samtíðarmaður Eiríks Laxdals, samdi sína gerð, sbr. *Sagan af Huld hinmi miklu og fjölkunnugu trölldrottningu* (Akureyri: Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1911). Sjá einnig: Veturliði Óskarsson, „Íslensk bók í þýsku bókasafni,“ *Ritmennt* 4 (1999), 12.

33 Um almennan þroska Ólafs innan söguheildarinnar og speglun hans við líf höfundar, sjá María Anna Þorsteinsdóttir, *Tveggja heima sýn*, 254–255.

einungis með því að setja hefðbundið efni í nýtt samhengi heldur einnig með því að bæta við það tengingum úr öðrum áttum. Sem dæmi um þetta má nefna að þegar Sveinn vaknar í paradísardalnum góða morguninn eftir að Ólafur fann hann heldur hann að hann sé virkilega kominn til hinnar einu og sönnu paradísar á hina „[...] lystilegu blómsturvelli sælunnar og ódauðleikans [...]“.³⁴ Við það tækifæri lætur Eiríkur hann fara með hástemmda og allt að því leikræna einræðu sem er í hrópandi ósamræmi við sambærilegar senur eldri bókmennta. Annað dæmi er að þegar þeir Ólafur og Sveinn fara að sækja bræður Sveins koma þeir að þar sem bræðurnir biðja bænir sínar fullir iðrunar eftir framkomu sína við Svein og syngja þeir lengi vel með bænnum sínum. Ólafur hlýðir á hinn einlæga söng bræðranna en gerir svo vart við sig, bregður á leik og segist sendur af guði sem hafi bænheyrt þá og vitnar í viðeigandi tilvísun í hina heilögu ritningu. Bræðurnir verða barnslega fegnir við fréttirnar og efast ekki um að Ólafur sé raunverulegur sendiboði guðs.³⁵ Þessi tvö dæmi eru afar ólík þeim frásagnarmáta sem við eigum að venjast í Huldar sögu, Eiríks sögu frækna og öðrum kappasögum síðari tíma þar sem meðferð hefðbundinna minna sver sig í ætt við eldri sögur. Hér, aftur á móti, tekst Eiríki að sýna hefðina í nýju ljósi með því að búa til nýstárlegar tengingar þannig að til verða senur sem einkennast af óvæntum stílbrögðum, húmor og jafnvel ádeilu.

Niðurlag

Í þessari grein var fengist við einungis einn af mörgum þáttum Ólafs sögu Þórhallasonar og var hann notaður sem dæmi til að útskýra einkenni í byggingu sögunnar. Að auki var leitast við að greina efni þáttarins og sýna fram á þá baklægu hefð sem Eiríkur gæti mögulega hafa sótt í. Þótt einungis sé um að ræða einn þátt innan þess heildarsamhengis sem sagan er kom í ljós að hefðbundið sagnaefni er fjölbreytt og á uppruna sinn í mismunandi tegundum bókmennta og munnmæla, einkum:

34 Eiríkur Laxdal, *Saga Ólafs Þórhallasonar*, 117.

35 Ólafur segir: „Grátið ekki lengur, kæru sveinar, því ég er sendur til yðar af þeim hvern þið ákallað hafið! Hann hefur heyrt yðar bænir; vill nú þar fyrir hjálpa yður. Standið því upp og kastið burtu allri áhyggju [...]“ (Eiríkur Laxdal, *Saga Ólafs Þórhallasonar*, 126). Sbr. t.d. dæmi úr Biblíunni: „Fyrir því segi ég yður: Hvers sem þér biðjið í bæn yðar, þá trúið, að þér hafið öðlast það, og yður mun það veitast [...]“ (Mark. 11.24) og „Varpið allri áhyggju yðar á hann, því að hann ber umhyggju fyrir yður [...]“ (Fyrri Pétursbréf, 5.7). (*Biblían*, 1981).

Tegund:	Efnisþættir eða minni:
Ferðalýsingar/heilagramanna-sögur eða afleiddir þættir í yngri textum	paradísarlýsing
Fornaldarsögur	þoka, afdalaþáttur (sbr. þáttur um dalafífl), álagapáttur, bardaginn eilífi, töfravopn
Ævintýri	saga um þrjá bræður, álög, spunavættir
Sagnir	þoka, útilegumannasögur, Bakkabræður, spuna-vættir, ástir mannskra og álfa (sagan um Kjartan og Guðrúnu)
Sögulegur fróðleikur (sagn-fræðileg tenging)	saga um sífjaspell, réttarhöld og flóttu, tenging við biskup og kristinn alþýðulærdóm

Ljóst er að afdalaþátturinn felur í sér einkenni allra þessara tegunda: ferðalýsinga og/eða heilagramannasagna (eða afleiddra þátta í yngri textum), fornaldarsagna og þjóðsagna (sagna og ævintýra) auk þess sem áhrifa gætir frá sögulegum fróðleik. Þar sem við vitum í rauninni lítið um það hvert Eiríkur sótti sér innblástur jafnt sem beinar fyrirmyndir ber ekki að lesa töfluna sem svo að hann hafi beinlínis notfært sér allt þetta efni, a.m.k. ekki með meðvitundum hætti enda hefur áður verið á það bent að erfitt sé að tengja sögu hans við önnur verk.³⁶ Það er hins vegar ljóst að sköpun hans varð ekki til í tómaraumi og þetta er þá einfaldlega það efni sem gæti hafa, eftir einhverjum leiðum, litað frásögn hans burtséð frá því hvaða rit hann hefur þekkt. Þetta eru hliðstæður í einum skilningi og óljósari snertifletir í öðrum. Eiríkur dvaldist þar að auki erlendis og gæti vissulega hafa orðið fyrir áhrifum erlendra sagna, sem og erlendra bókmennta í íslenskri þýðingu. Greining á slíku efni fellur þó utan þessarar rannsóknar sem miðast einungis við afmarkaðan efnisþátt og hefðbundið íslenskt söguefni.

Það er athyglisvert að sjá hvernig Eiríkur nálgast hið hefðbundna sagnaefni, hvernig hann raðar því upp í röklega heild þar sem eitt leiðir af öðru jafnvel þótt sagt sé frá því í aðgreindum þáttum þar sem flakkað er á milli tíma. En Eiríkur gerir samt meira en að raða saman sagnaþáttum, einingum og minnum því að honum tekst að skapa úr þessu efni tvær örlagasögur, í fyrsta lagi sögu foreldra Sveins og sona þeirra þriggja og

36 Sbr.: „Eins og að framan hefur verið greint þá verður efni og efnisúrvinnslu *Ólafssögu* tæplega fundinn staður innan bókmenntahéðarinnar, hvorki innlendar né erlendar. Eiríkur fer ótroðnar slóðir, og að því er virðist af persónulegum ástæðum, þegar hann sækir efnivið sinn beint í þjóðsagnaarfinn og gerir af skáldsögu [...]“ (María Anna Þorsteinsdóttir, *Tveggja heima sýn*, 240–241).

í öðru lagi sögu þeirra Guðrúnar og Kjartans og sona þeirra tólf. Þessar miklu örlagasögur mætast svo á hálendinu þangað sem Ólafur villist, og hafa þær þá tekið í sig yfirnáttúruleg einkenni. Ólafur verður þó ekki einungis vitni að atburðunum sem slíkum heldur einnig þátttakandi sem segja má að sætti hið náttúrulega og hið yfirnáttúrulega, auk þess sem hann stuðlar að farsælum endi hjá Sveini og bræðrum hans. Tilgangur Eiríks hefur því ekki einungis verið sá að spinna fram sagnaefni fyrir kvöldvökuna heldur einnig að sýna söguhetjuna Ólaf í jákvæðu ljósi og móta hann þannig inn í heildarsamhengið. Með þessu móti tekst honum að skapa aðalsöguhetjuna út frá hefðbundnum minnum úr íslenskri sagnahefð og í raun má segja að ferðalög Ólafs á milli heima og vætta sé að sumu leyti ferðalag hans í gegnum íslenskan sagnaarf. Ólafur er þegar upp er staðið persónugervingur þeirrar sagnahefðar sem líf hans hverfist um.

HEIMILDASKRÁ

ÚTGÁFUR

Bíblían. Heilög ritning. Gamla testamentið og Nýja testamentið. Ný útg. Reykjavík:

Hið íslenska biblíufélag, 1981.

Bjarni Einarsson. *Munnnælasögur 17. aldar.* Reykjavík: Leiftur, 1955.

Eiríkur Laxdal. *Saga Ólafs Þórhallasonar: Álfasagan mikla,* útg. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir. Reykjavík: Þjóðsaga, 1987.

Eiríks saga víðfjrla, útg. Helle Jensen. Editiones Arnaganæanæ B 29. København: Reitzel, 1983.

Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, útg., *Fornaldarsögur Norðurlanda III.* Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1944.

Harðar saga, útg. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson. Íslensk fornrit 13. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2009.

Hrólfs saga kraka, útg. D. Slay. Editiones Arnaganæanæ B 1. Copenhagen: Ejnar Munksgaard, 1960.

Jón Árnason. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I–VI,* ný útg., útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1954–1961.

Mattheus saga polstula, útg. Ólafur Halldórsson. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1994.

Rafn, C. C., útg. *Fornaldar sögur Norðurlanda I–II.* Kaupmannahöfn, 1829–1830.

Sagan af Huld drottningu hinni ríku. Reykjavík: Prentsmiðja Þjóðviljans, 1909.

Sagan af Huld hinni miklu og fjölkunnugu trölldrottningu. Akureyri: Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1911.

Orvar-Odds saga, útg. R. C. Boer. Halle a. S.: Max Niemeyer, 1892.

FRÆÐIRIT OG GREINAR

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Saga motifs on Gotland picture stones: The case of Hildr Högnadóttir.“ *Gotland's Picture Stones: Bearers of an Enigmatic Legacy*. Gotländsk arkiv 84 (2012): 59–71.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Enchantment and Anger in Medieval Icelandic Literature and Later Folklore.“ *Fictional Practice. Magic, Narration, and the Power of Imagination*, ritstj. Bernd-Christian Otto og Dirk Johannsen. Leiden: Brill, 2021, 68–90.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Übernatürliche Spinnerinnen in isländischen Volks-erzählungen.“ *Florilegium nordmannicum: Ergänzungsbände zum Reallexikon der Germanischen Altertumskunde*, ritstj. Alessia Bauer. Berlin/Boston: De Gruyter, 2024, 3–25.
- Almqvist, Bo. „Gaelic/Norse folklore contacts: Some reflections on their scope and character.“ *Ireland and Europe in the early Middle Ages: learning and literature*, ritstj. Próinséas Ní Chatháin og Michael Richter. Stuttgart: Klett-Cotta, 1996, 139–172.
- Boberg, Inger M. *Motif-Index of Early Icelandic Literature*. Bibliotheca Arnamagnæana, Vol. XXVII. Hafnæ: Munksgaard, 1966.
- Campbell, J. F. *Popular Tales of the West Highlands* II. Edinburgh: Edmonston and Douglas, 1860.
- Driscoll, Matthew. *The Unwashed Children of Eve: The Production, Dissemination and Reception of Popular Literature in Post-Reformation Iceland*. Middlesex: Hisarlik Press, 1997.
- Einar Ól. Sveinsson, „Celtic elements in Icelandic tradition.“ *Béaloideas* 25 (1957): 3–24.
- Einar Ól. Sveinsson. *Um islenzkar þjóðsögur*. Reykjavík: Hid islenzka bokmenta-fjelag, 1940.
- Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*. FF Communications, No. 83. Helsinki: Academia Scientiarum Fennica, 1929.
- Elfa Jónsdóttir. „Of gott er þér að fara fyrir sverði mínu“: Eiríks saga frækna í bókmenntasögulegu samhengi. Reykjavík: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, 2024. [Óprentuð MA-ritgerð.]
- Jón Karl Helgason. „Should she tell a story ...“: In Quest of Eiríkur Laxdal's Poetics.“ *Gripla* 34 (2023): 347–373.
- Margrét Eggertsdóttir. „From Reformation to Enlightenment.“ *A History of Icelandic Literature*, ritstj. Daisy Neijmann. Lincoln: University of Nebraska Press, 174–250.
- Margrét J. Gísladóttir. „Verði þér allt til sigurs og lukku“: Sagan af kóngabörnum í ljósi handrita og hefðar. Reykjavík: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, 2020. [Óprentuð MA-ritgerð.]
- María Anna Þorsteinsdóttir. *Tveggja heima sýn: Saga Ólafs Þórhallasonar og þjóð-sögunnar*. *Studia Islandica* 53. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1996.
- Odén, Birgitta. „Ättestupan – myt eller verklighet.“ *Scandia* 62 (1996): 221–234.

- Rohrbach, Lena. „Weibliche Stimmen – männliche Sicht: Rekalibrierungen von Gender und Genre in der *Ólafs saga Þórhallasonar*.“ *Þáttasýrpa: Studien zu Literatur, Kultur und Sprache in Nordeuropa. Festschrift for Stefanie Gropper, ritstj. Anna Katharina Heiniger, Rebecca Merkelbach og Alexander Wilson*. Beiträge zur Nordischen Philologie 72. Tübingen: Francke, 2022, 257–265.
- Rohrbach, Lena. „Subversive Inscriptions: The Narrative Power of Paratext in *Saga Ólafs Þórhallasonar*.“ *Gripla* 35 (2024): 335–365.
- Schlauch, Margaret. *Romance in Iceland*. London: George Allen and Unwin, 1934.
- Spoelstra, J. *De vogelvrijen in de ijslandse letterkunde*. Haarlem: H. D. Tjeenk Willink & zoon n.v., 1938.
- Steingrímur J. Þorsteinsson. *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans I–II*. Reykjavík: Helgafell, 1943.
- Sveinn Yngvi Egilsson. „Leiðin til nútímans.“ *Íslenskar bókmenntir: Saga og samhengi* 2. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021, 405–492.
- Sverrir Tómasson. „Ferðir þessa heims og annars: Paradís – Ódáinsakur – Vinland í íslenskum ferðalýsingum miðalda.“ *Gripla* 12 (2001): 23–40.
- Veturliði Óskarsson. „Íslensk bók í þýsku bókasafni.“ *Ritmennt* 4 (1999): 9–32.
- Þorsteinn Antonsson. „Úr sögu Ólafs Þórhallasonar,“ *Lesbók Morgunblaðsins* 24/12, 1986.
- Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir. „*Saga Ólafs Þórhallasonar*, efnisyfirlit“ í Eiríkur Laxdal. *Saga Ólafs Þórhallasonar: Álfasagan mikla*, útg. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir. Reykjavík: Þjóðsaga, 1987, 429–450.
- Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir. „Höfundurinn og sagan.“ Eiríkur Laxdal. *Saga Ólafs Þórhallasonar: Álfasagan mikla*, útg. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir. Reykjavík: Þjóðsaga, 1987, 373–427.
- Örn Ólafsson. „Upplýsing í gegnum þjóðsögur: Um Ólafs sögu Þórhallasonar eftir Eirík Laxdal.“ *Tímarit Máls og menningar* 60/2 (1999): 95–104.

ÁGRIP

Handan þokunnar: Um efnisþætti og innra samhengi Ólafs sögu Þórhallasonar

Efnisorð: upplýsing, frásagnarlist, bókmenntagreinar, þjóðsögur, sagnaminni

Í Ólafs sögu Þórhallasonar eftir Eirík Laxdal kynnumst við söguheimi sem er í senn sérstæður og hefðbundinn og í raun er um að ræða imyndaðan heim sem er þó að sama skapi kunnuglegur því að allar helstu efniseiningarnar eiga sér hliðstæðu í innlendra sagnahefð, bæði þjóðsögum og bókmenntum fyrri alda. Söguheiminn notar Eiríkur sem umgjörð fyrir ferðalög söguhetju sinnar, Ólafs Þórhallasonar, sem umgengst í ferðum sínum fjölda fólks, bæði mennska menn og álfa. Innan hins breiða söguramma sem snýr að ferðalögum Ólafs kemur höfundur að mörgum sagnaeiningum þannig að til verða þættir innan þátta, þræðir innan þræða og jafnvel útúrdúrar innan útúrdúra.

Í þessari grein er tekinn fyrir einn þáttur úr sögu Ólafs en uppistöður hans eru kaflar 11–19 undir öðrum kvöldvökulestri. Í þættinum segir frá Sveini og bræðrum hans sem hafa búið á hálendinu frá því að foreldrar þeirra lögðust út vegna sakamáls. Við sögu koma einnig tólf bræður, útilegumenn, sem urðu fyrir álögum og kemur það í hlut Sveins að leysa þá úr ánaud. Auk þess sem leitast er við að sýna fram á hvert Eiríkur sótti sér hugmyndir fyrir tiltekinn þátt og hvernig hann vann úr þeim verður spurt að hve miklu leyti aðferð hans hefur þótt nýnæmi á ritunartíma sögunnar og hvað standi þá upp úr í þeim efnum.

SUMMARY

Beyond the Fog: On Thematic Elements and Internal Coherence of the Saga of Ólafur Þórhallason

Keywords: Enlightenment, narrative techniques, literary genre, folktales, motifs

In Eiríkur Laxdal's *Ólaf's saga Þórhallasonar*, we are introduced to a narrative world that is both unique and traditional. This imagined realm is simultaneously familiar, as its primary elements are drawn from local storytelling traditions, including folklore and literature from earlier centuries. Eiríkur uses this narrative world as a framework for the travels of his protagonist, Ólafur Þórhallason, who encounters numerous individuals, both humans and elves, during his journeys. Within the broad narrative structure focusing on Ólafur's travels, the author creates many structural elements, so that stories emerge within stories, and threads within threads.

This article focuses on one particular episode from *Ólaf's saga Þórhallasonar*, specifically chapters 11–19, which are included in a chapter called the second evening reading (a reading during the *kvöldvaka*). This episode recounts the story of Sveinn and his brothers, who have lived in the Icelandic Highlands since their parents went into exile due to a criminal case. The narrative also involves twelve brothers, outlaws who are under a curse, and it falls to Sveinn to free them from their misfortune. In addition to examining from where Eiríkur drew his ideas for this episode and how he developed them, the article will explore the extent to which his method was considered innovative at the time when he composed his saga and what stands out in this regard.

Aðalheiður Guðmundsdóttir
Háskóli Íslands
Eddu, Arngrímögötu 5
IS-107 Reykjavík
adalh@hi.is